

Samstarfsnefnd háskólastigsins

Háskóli Íslands

Skrifstofa kennslusviðs

Aðalbyggingu

Sæmundargötu, 101 Reykjavík

Starfsreglur samstarfsnefndar háskólastigsins

1. Skipan samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd háskólastigsins starfar samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 63/2006.

Rektorar háskóla, sem hafa fengið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis, skipa samstarfsnefnd háskólastigsins.

Rektor Háskóla Íslands er formaður samstarfsnefndarinnar. Nefndin kýs varaformann úr hópi annarra rektora. Hver rektor tilnefnir varamann sinn.

2. Hlutverk

Hlutverk samstarfsnefndar er að fjalla um sameiginleg málefni er varða starfsemi og hagsmuni háskóla og veita umsögn í málum sem mennta- og menningarmálaráðherra eða einstakir háskólar vísa þangað.

Nefndin er jafnframt vettvangur samráðs og samstarfs í þágu sameiginlegra markmiða um gæði háskólamenntunar og rannsókna og leitast við að samræma afstöðu háskólanna til mikilvægra málefna er varða æðri menntun og rannsóknir gagnvart ríkisstjórn, Alþingi, hagsmunaaðilum og almenningi.

Samstarfsnefndin tilnefnir fulltrúa í nefndir og ráð skv. því sem fyrir er mælt í lögum og reglugerðum eða eftir atvikum fyrir beiðni hlutaðeigandi stjórnvalda.

3. Sjálfstæði háskólanna og frumkvæði nefndarinnar

Forsenda háskólastarfsemi er sjálfstæði háskóla og sjálfðæmi um eigin starfsemi, sbr. 2. gr. laga um háskóla. Samstarfsnefnd háskólastigsins fjallar ekki um innri málefni einstakra háskóla nema rektor viðkomandi háskóla óski sérstaklega eftir því.

Samstarfsnefndin hefur frumvæði að því að fjalla um, álykta eða veita umsagnir um málefni sem varða háskólana alla, svo sem um undirbúning fyrir háskólanám, gæðaviðmið og gæðaeftirlit með háskólastarfsemi, fjármögnun kennslu og rannsókna, inntak og framvindu Bolognaferlisins, verkaskiptingu, bókasafns- og upplýsingamál, lagafrumvörp sem snerta háskólastarfsemi og önnur þau málefni er nefndin telur nauðsynlegt að fjalla um og taka afstöðu til.

Samstarfsnefndin leitast við að stuðla að góðum samskiptum við opinbera aðila, stjórnvöld og almenning.

Nefndin skipar starfshópa um einstök málefni eftir því sem þurfa þykir.

4. Samstarf við erlend samtök háskóla

Samstarfsnefnd háskólastigsins er fullgildur samtakaaðili (collective member) að Samtökum evrópskra háskóla, European University Association (EUA) og Samtökum norrænna háskóla, Det nordiske universitetsamarbeid (NUS).

Skipting kostnaðar vegna aðildargjalda EUA og NUS fer eftir hlutfallslegri stærð háskólanna sem eiga fulltrúa í samstarfsnefnd.

5. Fundir samstarfsnefndar og umsýsla

Samstarfsnefndin heldur fundi eftir þörfum, að jafnaði tvisvar á hverju kennslumisseri. Rita skal fundargerð og skal hún lögð fram á næsta fundi á eftir.

Sviðsstjóri kennslusviðs Háskóla Íslands er ritari samstarfsnefndar háskólastigsins og annast ritun fundargerða, umsýslu erinda og gagna og upplýsingagjöf í hennar þágu. Gögn samstarfsnefndarinnar eru varðveitt í skjalasafni Háskóla Íslands.

Formaður eða ritari í umboði hans boðar fundi samstarfsnefndar í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara hið minnsta, ef því er við komið.

Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Æski helmingur nefndarmanna samstarfsnefndar fundar, er formanni skylt að boða til hans. Ef rektor háskóla getur ekki sótt fund skal boða varamann hans til fundarsetu.

6. Aðsetur

Aðsetur samstarfsnefndar háskólastigsins er:

Háskóli Íslands

Skrifstofa kennslusviðs

Aðalbyggingu

Sæmundargötu, 101 Reykjavík

Sími 5254360

Fax 5255876

Tölvupóstfang thordkri@hi.is, amalia@hi.is

Heimasíða www.hi.is/skolinn/samstarfsnefnd_haskolastigsins

7. Gildistaka

Starfsreglur þessar, sem samstarfsnefnd háskólastigsins hefur sett 19. febrúar 2010 og mennta- og menningarmálaráðherra staðfest, öðlast þegar gildi.

Rektorar eftirtalinna skóla sitja nú í samstarfsnefndinni:

Háskóla Íslands

Háskólans á Akureyri

Háskólans á Bifröst

Háskólans í Reykjavík

Hólaskóla – háskólans á Hólum

Landbúnaðarháskóla Íslands

Listaháskóla Íslands